

## **Ályktun um örorkubyrði lífeyrissjóða**

Lífeyrissjóðir standa frami fyrir miklum vanda vegna vaxandi örorkubyrði sjóðanna. Vandinn er tvíþættur; að óbreyttu verður að skerða ellilífeyri til að mæta vaxandi örorkulífeyri eða að skerða örorkulífeyri. Mikilvægt er að verja réttindi félaga okkar sem fá lífeyri frá sjóðunum, jafnt þeirra sem njóta örorku- og ellilífeyris.

Við endurskoðun kjarasamninga 2005 náðist mikilvægur áfangi með samkomulagi við ríkisstjórnina um að ríkisvaldið tryggði lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA fjármagn til að mæta vaxandi örorkubyrði sjóða og jafna hana milli þeirra. Í samkomulaginu var einnig ákveðið að setja á laggirnar nefnd skipaða fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða og stjórnvalda sem fjallað hefur um breytingar á viðmiði örorkumats og um leiðir til að efla starfsendurhæfingu.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands beinir því til miðstjórnar ASÍ að fylgja þessu máli eftir af fullum þunga.